

ÁRSSKÝRSLA 2015



STJÓRN HB GRANDA HF.



Kristján Loftsson
Stjórnarformaður



Haldór Teitsson



Hanna Ásgeirsdóttir



Rannveig Rist



Þórður Sverrisson

YFIRSTJÓRN HB GRANDA HF.



Vilhjálmur Vilhjálmsson
Forstjóri



Jónas Guðbjörnsson
Fjármálastjóri



Svavar Svavarsson
Viðskiptapróun



Garðar Svavarsson
Uppsýjavarsvið



Torfi Þ. Þorsteinsson
Botnfisksvið



Brynjólfur Eyjólfsson
Markaðsstjóri



ÁRSSKÝRSLA 2015

Efnisyfirlit	Bls.
Stjórn og stjórnendur	2
Starfsemin árið 2015	4
Ársreikningur samstæðunnar 2015	
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	19
Áritun óháðs endurskoðanda	21
Rekstrarreikningur ársins 2015	22
Yfirlit yfir heildarafkomu ársins 2015	23
Efnahagsreikningur 31. desember 2015	24
Eiginfjáryfirlit 2015	25
Sjóðstreymisyfirlit ársins 2015	26
Skýringar	27
Ársfjórðungsyfirlit - óendurskoðað	48
Tölulegt yfirlit	50
Skip HB Granda	52
Ný skip í smíðum	53

INNGANGUR

Inngangur

HB Grandi hf. gerir út níu fiskiskip og vinnur fiskafurðir í Reykjavík, á Akranesi og Vopnafirði. Félagið hefur mestar aflaheimildir íslenskra útgerðarféлага og rekur eigið markaðssvið sem selur afurðirnar um heim allan.

Markaðssetning afurðanna er unnin í náinni samvinnu við valda viðskiptavini. Félagið er auk þess með vottuð gæðastjórnunarkerfi, IFS (International Food Standard), FEMAS (Feed Material Assurance Scheme) og HACCP (Hazard Analysis and Critical Control Points). Með reynslumiklu og hæfu starfsfólki er lögð áhersla á gæði afurða og ábyrga umgengni til sjós og lands.

HB Grandi hf. leggur mikla áherslu á ábyrga nýtingu fiskistofnanna við Ísland og er aðili að Ábyrgum fiskveiðum sem á og rekur upprunamerki fyrir íslenskt sjávarfang og vottun á ábyrgum veiðum Íslendinga (Iceland responsible fisheries).

Skipastóll og afli

Í skipastól félagsins eru þrjár frystitogarar, fjórir ísfisktogarar og tvö uppsjávarskip í rekstri.

Á árinu 2015 var afli botnfiskskipa félagsins 48 þúsund tonn og uppsjávarskipa 128 þúsund tonn.

Rekstrarumhverfi

Ársreikningur HB Granda er saminn í evrum. Meðalgengi evru lækkaði úr 154,4 í 145,9 eða um 5,5% milli árana 2014 og 2015. Frá árslokum 2014 til ársloka 2015 lækkaði gengi evru úr 153,8 í 140,9 eða um 8,4%. Afurðaverð í erlendri mynt hækkaði nokkuð að meðaltali milli árana 2014 og 2015. Olúuverð í Bandaríkjadöllum lækkaði að meðaltali um 41,3% milli ára.

Árið 2015

Endurnýjun uppsjávarskipa félagsins lauk á árinu. Félagið gerir nú út tvö ný skip, Venus NS, sem kom til landsins í maí, og Víking AK, sem kom til landsins í desember. Útgerð beggja skipanna hefur gengið vel og hafa þau fyllilega staðist væntingar. Að öðru leyti hélt félagið sambærilegum áherslum í rekstri og árið áður. Endurnýjun ísfisktogara félagsins stendur yfir með smíði þriggja nýrra ísfisktogara. Gengið var frá lánsfjármögnun ísfisktogaranna í desember.

Árið 2016

Vonir um góða loðnuvertíð brugðust og var aflamark félagsins nú einungis 17.000 tonn en var 72.600 tonn árið 2015.

Helstu viðfangsefni ársins verða endurnýjun togaraflotans, uppbygging bolfiskvinnslu á Vopnafirði og stöðug viðleitni til að gera sem mest verðmæti úr aflaheimildum félagsins.



AFKOMA HB GRANDA HF. ÁRIÐ 2015

Rekstur ársins 2015

Rekstrartekjur HB Granda hf. árið 2015 námu 225,5 m€ samanborið við 214,9 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og bakfærða virðisrýrnun (EBITDA) var 54,2 m€ eða 24,1% af rekstrartekjum, en var 49,9 m€ eða 23,2% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru jákvæð um 2,6 m€ en voru jákvæð um 4,4 m€ á sama tíma árið áður. Meðal fjármunatekna er tekjufærður söluhagnaður eignarhluta í dótturfélaginu Stofnfiski að fjárhæð 3,8 m€. Áhrif hlutdeildarféлага voru neikvæð um 3,8 m€ en voru jákvæð um 2,9 m€ árið áður og munar þar helst um erfiðleika í laxeldi í Síle. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 53,1 m€. Tekjuskattur að fjárhæð 8,6 m€ er reiknaður samkvæmt framtali í íslenskum krónum. Samstæðan mun greiða tekjuskatt að fjárhæð 6,9 m€ á árinu 2016 vegna rekstrarársins 2015. Hagnaður samstæðunnar varð því 44,5 m€ samanborið við 36,3 m€ árið áður.

Meðalfjöldi ársverka árið 2015 var 880 en var 920 árið áður. Laun og launatengd gjöld námu samtals 69,5 m€, en námu árið áður 62,6 m€ (10,1 milljarður króna á meðalgengi ársins samanborið við 9,7 milljarða króna árið áður).

Efnahagur

Heildareignir samstæðunnar námu 395,4 m€ í árslok 2015. Þar af voru fastafjármunir 319,7 m€ og veltufjármunir 75,7 m€. Í árslok námu heildarskuldir félagsins 149,5 m€ og eigið fé 245,8 m€. Eiginfjárhlutfall var því 62,2% en var 59,7% í árslok 2014.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam á árinu 2015 44,5 m€, en var 34,0 m€ árið áður. Fjárfestingar námu 37,6 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 20,4 m€, þar af námu afborganir langtímalána 45,0 m€. Handbært fé lækkaði því um 13,5 m€ og var í árslok 11,2 m€.

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi ársins 2015 (1 evra = 145,89) verða tekjur 32,9 milljarðar króna, EBITDA 7,9 milljarðar og hagnaður 6,5 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á lokagengi ársins 2015 (1 evra = 140,93) verða eignir samtals 55,7 milljarðar króna, skuldir 21,1 milljarður og eigið fé 34,6 milljarðar.



BOTNFISKSVIÐ

Útgerð

Sjö togarar eru í rekstri á botnfisksviði félagsins. Frystitogararnir Örfirisey RE, Þerney RE og Höfrungur III AK og ísfisktogararnir Helga María AK, Ottó N. Þorláksson RE, Sturlaugur H. Böðvarsson AK og Ásbjörn RE.

Heildarafla togara var 47.958 tonn en var 50.283 tonn árið 2014. Afli á úthaldsdag var 26 tonn en 28 tonn árið 2014. Dræm haustveiði í Barentshafi og minni makrílafli frystiskipa dró niður afla á úthaldsdag.

Smíði þriggja nýrra ísfisktogara stendur yfir í Tyrklandi. Fyrsti togarinn, Engey RE, verður afhentur um mánaðamótin ágúst/september 2016, Akurey AK hálfu ári seinna og Viðey RE í ágúst 2017.

BOTNFISKAFLI		
	2015	2014
Þorskur-Barentshaf	2.999	2.878
Þorskur	9.837	8.826
Ýsa	1.127	1.001
Ufsi	9.351	9.709
Gullkarfi	12.641	14.501
Djúpkarfi	3.042	2.958
Úthafskarfi	685	777
Gulllax	1.639	2.009
Makrill	3.650	4.424
Grálúða	1.070	1.183
Annað	1.917	2.017
Samtals	47.958	50.283

AFLI OG VERÐMÆTI BOTNFISKSKIPA				
	2015		2014	
	Afli	Verðmæti	Afli	Verðmæti
Ísfisktogarar	26.409	35.342	25.789	29.520
Ásbjörn	6.723	9.072	6.186	7.339
Ottó N Þorláksson	6.152	8.369	5.764	6.353
Sturlaugur H Böðvarsson	6.571	9.049	5.934	7.114
Helga María	6.963	8.852	7.905	8.714
Frystitogarar	21.549	47.480	24.494	45.412
Örfirisey	8.218	15.867	8.748	14.842
Þerney	5.952	14.080	8.379	15.798
Höfrungur III	7.379	17.533	7.367	14.772

ÚTHLUTUN OG RÁÐSTÖFUN AFLA ÁRIÐ 2015 (TONN) - BOTNFISKUR

Tegund	Þorskur Barentshaf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Gullkarfi	Djúpkarfi	Úthafskarfi	Grálúða	Aðrar tegundir
Staða 31.12.2014	0	4.879	1.090	6.684	9.479	2.041	95	1.425	2.945
Úthlutun	1.906	9.443	1.910	7.684	13.448	3.086	850	1.423	3.572
Skipti, frá öðrum/(til annara)	590	1.289	(1.041)	2.579	(675)	36	(13)	(302)	(793)
Tegundatilfærsla	0	0	300	(526)	470	3	0	(87)	(181)
*Annað	503	(347)	7	0	34	0	(202)	0	609
Samtals	2.999	15.264	2.266	16.421	22.756	5.166	730	2.459	6.152
Veiði 2015	(2.999)	(9.837)	(1.127)	(9.351)	(12.641)	(3.042)	(685)	(1.070)	(3.057)
Staða 31.12.2015	0	5.427	1.139	7.070	10.115	2.124	45	1.389	3.095

*Annað er skiptipottar, leiðrétting vegna íss, utankvótategundir, geymslur, undirmál og heimildir sem falla niður.

Afli er birtur í tonnum. Verðmæti eru birt í þúsundum evra.

Landvinnsla

Afli til vinnslu var á árinu 27.579 tonn, en árið á undan var afli til vinnslu lítið eitt meiri eða 28.233 tonn. Munar þar mestu um minna magn í ufsa bæði af eigin skipum og sem keyptur er á fiskmörkuðum. Eins og fyrri ár var nær eingöngu unninn þorskur á Akranesi en í Reykjavík, karfi og ufsi. Auk þess var talsvert magn af þorski unnið í Reykjavík seinni hluta árs þar sem afurðaverð á ferskum flökum og flakabitum var gott og því áhersla lögð á þorskveiðar og vinnslu.

BOTNFISKAFLI TIL VINNSLU

	2015			2014		
	Norðurgarður	Akranes	Samtals	Norðurgarður	Akranes	Samtals
Þorskur	2.339	6.505	8.844	1.492	6.625	8.117
Ufsi	8.702	325	9.027	9.932	89	10.021
Karfi	9.708		9.708	10.095		10.095
Samtals	20.749	6.830	27.579	21.519	6.714	28.233

Afli er birtur í tonnum.

Teknar voru í notkun nýjar viðbyggingar við fiskiðjuverið Norðurgarði, sem eru umbúðageymsla og frystivéla-salur.

Nýtt sameiginlegt verkstæði fyrir fiskiðjuverið Norðurgarði og togara, var tekið í notkun á árinu. Með verkstæðinu og nýju útisvæði fyrir veiðarfæri er öll starfsemi HB Granda í Reykjavík komin á lóð félagsins við Norðurgarð.

Ný flokkunarstöð var tekin í notkun sem tekur við sorpi bæði frá togurum og starfsemi félagsins við Norðurgarð.

Á árinu 2016 verður móttökukælir við fiskiðjuverið Norðurgarði lagfærður og stækkaður, sem mun verða til mikilla bóta.



UPPSJÁVARSVIÐ

Útgerð

HB Grandi hf. gerði út þrjú uppsjávarskip í upphafi árs 2015 en í lok árs voru þau tekin úr rekstri og tvö ný uppsjávarskip, Venus NS og Víkingur AK, komin til félagsins. Faxi RE og Ingunn AK voru seld innanlands og Lundey NS var tekin úr rekstri og er unnið að sölu skipsins.

Veiðar skipanna gengu vel árið 2015. Loðnuafllinn var 57.600 tonn samanbúið við um 24.000 tonn árið áður og kolmunnaafllinn var tæplega 39.000 tonn.

Makrílveiðar uppsjávarskipanna hófust, líkt og fyrri ár, í júlí og lauk í september. Veiðar gengu vel og veiddist stór og góður makríll nokkuð jafnt yfir tímabilið. Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum hófust í lok ágúst og lauk þeim um miðjan september. Afllinn á norsk-íslenskrí síld minnkaði um 30% á milli ára en aflaheimildir hafa verið skornar hratt niður undanfarin ár vegna slæmrar stöðu stofnsins.

Veiðar úr íslenska síldarstofninum hófust svo um miðjan október og var síðasta löndun 18. nóvember. Íslenska síldin virðist hafa komið óvenju seint til vetursetu þetta árið og var því veiðin treg framan af vertíð.

UPPSJÁVARAFLI			AFLI OG VERÐMÆTI UPPSJÁVARSKIPA			
	2015	2014	2015		2014	
			Afli	Verðmæti	Afli	Verðmæti
Loðna	57.580	23.937				
Síld	7.482	10.776				
Norsk-íslensk síld	5.310	7.877				
Kolmunni	38.727	41.302				
Makríll	18.811	18.575				
Annað	49	93				
Samtals	127.959	102.560	127.959	31.221	102.560	23.771

ÚTHLUTUN OG RÁÐSTÖFUN AFLA ÁRIÐ 2015 (TONN) - UPPSJÁVARFISKUR						
Tegund	Loðna	Síld	NÍ-síld	Makríll	Kolmunni	Aðrar tegundir
Staða 31.12.2014	23.402	685	568	(654)	1.363	0
Úthlutun	44.018	7.456	5.544	22.956	40.230	0
Skipti, frá öðrum/(til annarra)	(6.329)	230	(416)	350	(1.167)	0
*Annað	(3.123)	418	808	449	3.275	49
Samtals	57.968	8.789	6.504	23.101	43.701	49
Veiði 2015	(57.580)	(7.840)	(5.496)	(22.461)	(38.737)	(49)
Staða 31.12.2015	388	949	1.008	640	4.964	0

*Annað er skiptipottar, leiðrétting vegna íss, utankvótategundir, geymslur, undirmál og heimildir sem falla niður.

Afli er birtur í tonnum. Verðmæti eru birt í þúsundum evra.

Landvinnsla

Samræming veiða og vinnslu gekk vel á árinu og nýttist sá afli sem kom að landi vel til manneldis. Framleiðslu- met var sett í loðnuhrognavinnslum félagsins og hjálpaði þar til utanaðkomandi hráefni frá færeyskum og íslenskum loðnuskipum.

Á miðri makrílvertíð lokaðist rússneski markaðurinn fyrir íslenskum framleiðendum. Á þessum tímamarki hafði stór hluti framleiðslunnar verið í afurðum sem fara að stærstum hluta til rússneskra kaupenda. Þessu alvarlega ástandi þurfti að bregðast við og aðlaga framleiðslu vinnslunnar á Vopnafirði að breyttum markaðs- aðstæðum með því að auka heilfrystingu og hefja flakavinnslu á makríl. Þessi breyting tókst vel og gekk afsetning afurða vonum framar. Síldin var alfarið unnin í síldarsamflök fyrir markaði í Austur- og Vestur-Evrópu.

FRYSTAR UPPSJÁVARAFURÐIR

	2015			2014		
	Akranes	Vopna- fjörður	Samtals	Akranes	Vopna- fjörður	Samtals
Loðna fryst		3.739	3.739		5.986	5.986
Loðnuhrogn	2.807	1.777	4.584	1.513	443	1.956
Síld		4.826	4.826		7.825	7.825
Makríl		9.570	9.570		11.564	11.564
	2.807	19.912	22.719	1.513	25.818	27.331

MÓTTEKINN AFLI Í FISKMJÖLSVERKSMÍÐJUM

	2015			2014		
	Akranes	Vopnafjörð- ur	Samtals	Akranes	Vopnafjörð- ur	Samtals
Loðna	23.757	34.994	58.751	9.379	10.318	19.697
Síld		7.866	7.866		10.654	10.654
Makríl		8.934	8.934		6.894	6.894
Kolmunni		38.701	38.701	9.132	32.169	41.301
Annað	10.030	2	10.032	6.069	32	6.101
	33.787	90.497	124.284	24.580	60.067	84.647

Afli er birtur í tonnum. Verðmæti eru birt í þúsundum evra.

MARKAÐSMÁL

Markaðssvið HB Granda hf. sér um sölu og markaðssetningu allra afurða félagsins. Árið 2015 voru afurðir seldar til um 40 landa en salan til þeirra 10 stærstu nam yfir 75% af söluverðmætunum. Mikilvægustu markaðslöndin árið 2015 voru Frakkland, Bretland, Þýskaland, Noregur, Japan, Rússland og Nígería. Sala til Rússlands stöðvaðist í ágúst 2015 vegna banns á innflutning matvæla frá Íslandi. Þessir sjö markaðir stóðu fyrir um tveimur þriðju af söluverðmætum félagsins á árinu 2015.

HB Grandi hf. framleiðir og markaðssetur nánast allar sínar vörur í eigin umbúðum, undir eigin vörumerki, þó með þeirri undantekningu að þurrkaðar afurðir eru seldar undir vörumerkinu Laugafiskur. Markaðssvið hefur einnig aðkomu að sölu afurða dótturfélagsins Vignis G. Jónssonar ehf. og eru þær í flestum tilfellum seldar undir vörumerkjum þess félags. Áhersla er lögð á að selja vörur milliliðalaust til valinna viðskiptavina á erlendri grundu. Viðskiptavinir eru flestir dreifiaðilar eða framleiðslufyrirtæki og eru neytendavörur bæði seldar á veitingamarkaði og í smásölu undir vörumerkjum kaupenda eða smásala. Uppbygging langtíma viðskiptasambanda er mikilvægur hluti af markaðsnálgun félagsins og við val viðskiptavina er lögð áhersla á náð samstarf og aðgang að mörkuðum sem henta framleiðsluvörum HB Granda hf. Að baki starfsemi markaðssviðs lágu 18 ársverk árið 2015.

Allir starfsmenn í sölu- og markaðsmálum eru staðsettir í Reykjavík og starfa þeir náð með framleiðsludeildum félagsins. Auk sölu- og markaðsmála, bera starfsmenn markaðssviðs ábyrgð á skjalagerð og afhendingu vara á markaði og sviðið leiðir jafnframt starf félagsins í gæðamálum. Sölustjórar og aðrir starfsmenn sviðsins fara í reglulegar heimsóknir til viðskiptavina og taka þátt í ýmsum viðburðum á mikilvægum mörkuðum. Jafnframt eru heimsóknir viðskiptavina á starfsstöðvar félagsins tíðar.

HB Grandi hf. heldur úti vefsíðu með reglulegum fréttaflytningi á íslensku og ensku, sem einnig er miðlað í gegnum samfélagsmiðla á vegum félagsins. Félagið gefur út ýmsa kynningarbæklinga, þar sem framleiðsluafurðir þess eru kynntar, og gefur reglulega út fréttabréfið Þúfu, þar sem ýmsum fréttum úr starfsemi félagsins er komið á framfæri bæði á íslensku og ensku. Árlega er HB Grandi hf. með veglegan sýningarbás á alþjóðlegu sjávarútvegssýningunni í Brussel, sem er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum. Jafnframt er félagið þátttakandi í öðrum mikilvægum sýningum, s.s. alþjóðlegu sjávarútvegssýningunum í Boston og Qingdao.

HB Grandi hf. leggur áherslu á samstarf við Ábyrgar fiskveiðar (Iceland Responsible Fisheries), sem stendur fyrir upprunamerki fyrir Íslenskar sjávarafurðir og vottun á ábyrgum fiskveiðum Íslendinga. Markaðssetning á merkinu er í höndum Íslandsstofu og á HB Grandi hf. fulltrúa í stjórn Íslandsstofu og fagráði sjávarútvegs. HB Grandi hf. er jafnframt hluthafi í Icelandic Sustainable Fisheries ehf. sem hefur þann tilgang að afla vottana gagnvart staðli Marine Stewardship Council (MSC). Þátttaka í félaginu veitir aðgang að MSC vottunum fiskstofna við Ísland.

Samfélagsábyrgð

Hrein virðisikeða sjávarútvegs

Þjóðir heims hafa náð tímamótasamkomulagi um að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda á næstu 15 árum til að sporna við óafturkræfum breytingum á náttúrufari jarðar af mannavöldum.

HB Grandi hf. mun að lágmarki fylgja því landsmarkmiði sem Íslensk stjórnvöld lögðu fram á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París, í desember 2015, um 40% minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030, frá viðmiðunarárinu 1990.

Í samræmi við ofangreinda stefnu hefur HB Grandi hf. sett af stað verkefni undir heitinu: Hrein virðisikeða sjávarútvegs. Verkefnið tekur til allrar virðisikeðu félagsins og felur í sér þann ásetning að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um að lágmarki 40% frá starfseminni til sjós og lands til ársins 2030, frá viðmiðunarárinu 1990. Einnig að minnka myndun úrgangs með því að flokka allt sorp í nýttahluti og lágmarka það sorp sem fer til urðunar.

Verkefnið felur í sér gerð heildstæðs upplýsingakerfis til markvissrar umhverfisstjórnunar. Safnað verður gögnum á rafrænan hátt og unnið úr gögnum fyrir stjórnendur á öllum sviðum starfseminnar þannig að þeir

geti sett sér markmið í samræmi við stefnu félagsins og fylgst með árangri. Hér er um að ræða notkun eldsneytis og rafmagns, myndun sorps og spilliefna, notkun á heitu og köldu vatni og aðra þætti umhverfisstjórnunar.

HB Grandi hf. stóð einnig að loftslagsyfirlýsingu Festu, félags um samfélagsábyrgð, og Reykjavíkurborgar ásamt öðrum íslenskum fyrirtækjum en sú yfirlýsing var lögð fram á Parísarráðstefnunni í desember 2015. Þar skuldbundu 104 íslensk fyrirtæki sig til að:

1. Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
2. Minnka myndun úrgangs.
3. Mæla árangur og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta.

Starfsfólk

Á árinu 2015 voru að meðaltali 880 stöðugildi hjá samstæðunni miðað við heilsársstörf og námu launagreiðslur samtals 58,0 m€. Að auki voru greidd launatengd gjöld samtals að fjárhæð 11,5 m€.

Á árinu 2015 var unnið að því að festa enn frekar í sessi þá heildstæðu starfsmannastefnu HB Granda hf. sem unnin var með liðsinni starfsfólks á starfsstöðvum félagsins. Stefnan er leiðarljós starfsfólks að samvinnu til að ná þeim markmiðum í starfsmannamálum sem stefnt er að á hverjum tíma í rekstri félagsins og er jafnframt hluti af stefnumörkun HB Granda hf. á sviði samfélagsábyrgðar. Til að tryggja innleiðingu og framkvæmd starfsmannastefnunnar er unnið samkvæmt aðgerðaáætlun í starfsmannamálum þar sem búið er að skilgreina verkefni, ábyrgðaraðila og tímasetningar. Fjölbreytt fræðsla var fyrir starfsfólk HB Granda hf. og voru m.a. haldin starfsfræðslunámskeið fiskvinnslufólks, námskeið tengd gæðastarfi HB Granda hf., námskeið til að kynna starfsfólki áherslur HB Granda hf. á sviði samfélagsábyrgðar og hugmyndafræði sem þar er fylgt. Haldin voru öryggisnámskeið fyrir áhafnir og öryggisnefndir í landi og námskeið um sorpflokkun fyrir sjómenn og starfsfólk í landi. Haldnar voru vinnustofur um samskipti og samvinnu á vinnustað og stjórnendanámskeið fyrir millistjórnendur á ólíkum starfsstöðvum HB Granda hf. til að fylgja eftir áherslum í starfsmannastefnunni.

Starfskjarastefna

Aðalfundur 2015 samþykkti, að tillögu stjórnar, stefnu félagsins um starfskjar æðstu stjórnenda. Hefur hún það að markmiði að laða að hæft starfsfólk.

Auk fastra launa er heimilt að veita æðstu stjórnendum aukagreiðslur, fríðindi eða aðra umbun meðal annars með eftirfarandi hætti:

1. Með afnotum af tækjum og búnaði sem tengjast starfi, svo sem farsíma, tölvubúnaði, nettengingu frá heimili til vinnustaðar og öðrum áþekktum búnaði sem nýtist í þeirra störfum. Einnig er heimilt að þeir hafi bifreið til afnota.
2. Með árangurstengdum kaupaukum. Félagið getur greitt kaupauka sem byggja á árangri einstakra stjórnenda í starfi. Greiðsla kaupauka tengist ýmist árangri samstæðunnar í heild eða beinum árangri stjórnandans.
3. Félagið veitir stjórnendum ekki lán.
4. HB Grandi hf. greiðir hlut vinnuveitanda til lífeyrissjóða samkvæmt lögum og almennum samningum sem tíðkast á vinnumarkaði. Stefna félagsins er að gera ekki eftirlaunasamninga við stjórnendur félagsins.
5. Stefna HB Granda hf. er að ekki séu gerðir sérstakir starfslokasamningar við stjórnendur í ráðningarsamningum, heldur gildi almenn gagnkvæm uppsagnarákvæði eins og almennt tíðkast á vinnumarkaði.

DÓTTURFÉLÖG

Vignir G. Jónsson ehf.

Vignir G. Jónsson ehf. sérhæfir sig í fullvinnslu á hrognum og er stærsti einstaki kaupandi grásleppu- og þorskrogna á landinu.

Rekstrartekjur á árinu 2015 voru 15,4 m€. Hagnaður af rekstrinum nam 1,5 m€. Heildareignir í árslok námu 10,4 m€ en eigið fé var 6,4 m€ eða 61%.

HB Grandi hf. á 100% eignarhlut í Vigni G. Jónssyni ehf. og nam bókfært verð eignarhlutarins 12,2 m€ í árslok 2015. Áhrif félagsins á rekstur samstæðunnar voru jákvæð um 1,2 m€.

Norðanfiskur ehf.

Norðanfiskur ehf. framleiðir fiskafurðir fyrir neytenda- og stóreldhúsamarkað innanlands og utan.

Rekstrartekjur á árinu voru 9,5 m€. Hagnaður af rekstrinum nam 0,6 m€. Heildareignir í árslok námu 3,5 m€ en eigið fé var 2,7 m€ eða 77%.

HB Grandi hf. á 100% eignarhlut í Norðanfiski ehf. og nam bókfært verð eignarhlutarins 5,8 m€ í árslok 2015. Áhrif félagsins á rekstur samstæðunnar voru jákvæð um 0,6 m€.

HLUTDEILDARFÉLÖG

Deris S.A.

HB Grandi hf. á 20% hlut í eignarhaldsfélaginu Deris S.A. í Síle. Deris á sjávarútvegsfélögin Friosur og Pesca Chile. Félagin gera út tvo frystitogara, þrjú línuskip sem frysta aflann, þrjú ísfisktogara og reka tvö fiskiðjuver. Að auki á Deris fiskeldisfyrirtækið Salmones Friosur S.A., sem rekur fiskeldisstöðvar og vinnslu í Síle.

Tap af rekstri Deris árið 2015 var 18,8 m€. Áhrif félagsins á rekstur HB Granda hf. voru neikvæð um 3,8 m€. Bókfært verð eignar HB Granda hf. var 16,7 m€ í árslok 2015.

HLUTHAFAR

Skráð hlutafé HB Granda hf. var 1.822,2 milljónir króna í árslok 2015. Félagið átti í árslok eigin hluti að nafnverði 8,6 milljónir króna, þannig að útistandandi hlutafé nam 1.813,6 milljónum króna. Hluthafar í upphafi árs voru 2.036 en voru 1.481 í árslok. Í árslok 2015 áttu tveir hluthafar yfir 10% eignarhlut í félaginu en þeir voru Vogun hf. sem átti 33,7% og Lífeyrissjóður verslunarmanna sem átti 11,7%.

Gengi hlutabréfa var 41,1 í árslok 2015, en 33,8 í ársbyrjun. Raunávöxtun hlutabréfa á árinu, að meðtöldum arði í félaginu, reyndist vera 23,6%. Þá er miðað við bréf sem keypt var á lokagengi ársins 2014 og selt í lok ársins 2015, að teknu tilliti til greiðslu arðs og verðbólgu á árinu. Sé litið til lengri tíma var raunávöxtun hlutabréfs, sem var keypt í lok árs 1995 og selt um síðustu áramót, um 13,2% á ári að meðaltali.

Skráð viðskipti með hlutabréf í HB Granda hf. námu 24.679 milljónum króna árið 2015. Skráð viðskipti árið 2014 námu 30.773 milljónum króna. Úrvalsvísitala OMX Iceland hækkaði um 43,44% árið 2015.

TÍU STÆRSTU HLUTHAFAR Í HB GRANDA HF. 31.12.2015

	í millj. kr.	%
Vogun hf.	610,7	33,7%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	211,4	11,7%
Hampiðjan hf.	160,1	8,8%
Gildi lífeyrissjóður	116,7	6,4%
Arion banki hf.	94,8	5,2%
Eignarhaldsfélagið VGJ ehf.	91,2	5,0%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	86,8	4,8%
Ingimundur Ingimundarson	48,0	2,6%
Stapi lífeyrissjóður	45,8	2,5%
Söfnunarsjóður lífeyrissréttinda	38,9	2,1%
Aðrir hluthafar	309,2	17,0%
Útistandandi hlutafé	1.813,6	100,0%

AÐALFUNDUR 2015

Aðalfundur HB Granda hf. var haldinn föstudaginn 10. apríl 2015. Fundinn sóttu 100 hluthafar sem fóru með 92,4% af hlutafé félagsins auk gesta.

Formaður stjórnar, Kristján Loftsson, flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir rekstri og afkomu félagsins á liðnu starfsári. Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri, kynnti ársreikning HB Granda hf. og gerði grein fyrir ýmsum þáttum starfseminnar á liðnu ári ásamt því að svara fyrirspurnum.

Tillaga stjórnar um að greidd yrði 1,50 kr á hlut í arð af hlutafé var samþykkt samhljóða. Þá var stjórn félagsins veitt heimild til að kaupa allt að 10% af eigin hlut í félaginu.

Sex aðilar buðu sig fram í kjöri til stjórnar. Í stjórn voru kjörin Kristján Loftsson, Halldór Teitsson, Hanna Ásgeirsdóttir, Rannveig Rist og Þórður Sverrisson.

Deloitte ehf. var kjörið endurskoðunarfélag.

Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum. Kristján Loftsson var kjörinn formaður og Rannveig Rist varaformaður.





ÁRSREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR 2015 Í EVRUM

HELGA M
AKRAN

VÍSIR

05 2909



Samband Íslenskra Fiskveiðingja

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	19
Áritun óháðs endurskoðanda	21
Rekstrarreikningur	22
Yfirlit um heildarafkomu	23
Efnahagsreikningur	24
Eiginfjáryfirlit	25
Sjóðstreymisyfirlit	26
Skýringar	27
Ársfjórðungayfirlit	48

SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

HB Grandi hf. gerir út 9 fiskiskip og vinnur fiskafurðir á sjó, í Reykjavík, á Akranesi og Vopnafirði. Félagið hefur mestar aflaheimildir íslenskra útgerðarféлага og rekur eigin markaðsdeild sem selur afurðirnar um heim allan. Með reynslumiklu og hæfu starfsfólki er lögð áhersla á ábyrga umgengni til sjós og lands og gæði afurða.

Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma ársreikning HB Granda hf. ("félagið") og dótturfélaga þess ("samstæðan").

Rekstur og fjárhagsleg staða 2015

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri samstæðunnar 44,5 millj. evra (2014: 36,3 millj. evra). Tekjur samstæðunnar af seldum vörum námu 225,5 millj. evra á árinu (2014: 214,9 millj. evra). Eignir samstæðunnar í árslok námu 395,4 millj. evra (2014: 366,7 millj. evra), skuldir samstæðunnar í árslok námu 149,5 millj. evra (2014: 147,9 millj. evra) og eigið fé samstæðunnar í árslok 2015 var 245,8 millj. evra (2014: 218,8 millj. evra) samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfallið var 62% í árslok (2014: 60%). Fjöldi ársverka hjá samstæðunni á árinu 2015 voru 880 (2014: 920).

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2016 verði vegna rekstrarársins 2015 greiddur 1,7 kr. arður af hverjum hlut útistandandi hlutafjár til hluthafa, eða 3.083 millj. kr. (um 21,9 millj. evra á lokagengi ársins 2015). Arðgreiðslan samsvarar 4,1% af markaðsvirði hlutafjár í lok árs 2015. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárrækingum.

Félagið undirritaði í febrúar 2015 lánasamning að fjárhæð 77 millj. evra. Lánasamningurinn var nýttur til uppgreiðslu á skammtímaskuldum, endurfjármögnun á langtímaskuldum og greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs uppsjávarskipa. Í árslok var síðan gengið frá fjármögnun á ísfisksskipunum með lánasamningi að fjárhæð 55 millj. evra. Gert er ráð fyrir að dregið verði á lánið í þremur hlutum á sama tíma og ísfisksskipin verða afhent.

Hlutafé og samþykktir

Skráð hlutafé félagsins nam í árslok 1.822,2 millj. kr, en félagið á eigin hluti að nafnverði 8,6 millj. kr. Hlutaféð er í einum flokki, sem skráður er á Nasdaq OMX Iceland.

Hlutafé félagsins skiptist í árslok á 1.481 hluthafa, en þeir voru 2.036 í ársbyrjun og fækkaði því um 555 á árinu. Allir hlutir njóta sömu réttinda. Tíu stærstu hluthafar í árslok voru:

Hluthafi	31.12.2015		31.12.2014	
	Nafnverð hlutafjár í millj. kr.	Eignarhlutur	Nafnverð hlutafjár í millj. kr.	Eignarhlutur
Vogun hf.	610,7	33,7%	610,7	33,7%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	211,4	11,7%	181,6	10,0%
Hampiðjan hf.	160,1	8,8%	160,1	8,8%
Gildi lífeyrissjóður	116,7	6,4%	103,0	5,7%
Arion banki hf.	94,8	5,2%	140,6	7,8%
Eignarhaldsfélagið VGJ ehf.	91,2	5,0%	100,0	5,5%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	86,8	4,8%	71,7	4,0%
Ingimundur Ingimundarson	48,0	2,6%	48,0	2,6%
Stapi lífeyrissjóður *	45,8	2,5%	-	-
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda *	38,9	2,1%	-	-
Landsbréf Úrvalsbréf *	-	-	38,1	2,1%
Festa lífeyrissjóður *	-	-	34,3	1,9%
Tíu stærstu hluthafar samtals	1.504,4	83,0%	1.488,1	82,1%
Aðrir hluthafar	309,2	17,0%	325,5	17,9%
Útistandandi hlutir	1.813,6	100,0%	1.813,6	100,0%

* Hluthafar sem eiga enn hluti í félaginu, en eru í árslok ekki meðal tíu stærstu hluthafa.

SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA FRH.

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var í apríl 2015 var stjórn félagsins veitt heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Heimildin gildir í 18 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi skal miða við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en kaupsamningur er gerður.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í stjórn félagsins þurfa að tilkynna það skriflega fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar.

Í stjórn HB Granda hf., sem kosin er á aðalfundi félagsins til eins árs í senn, sitja þrjú karlmenn og tvær konur. Stjórn HB Granda hf. uppfyllir því skilyrði 63. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 um kynjahlutföll, en þar er kveðið á um að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%.

Stjórnunarhættir

Stjórn HB Granda hf. hefur sett sér starfsreglur í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga, þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verkvið hennar gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Starfsreglur stjórnar og yfirlýsing um stjórnarhætti eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Stjórn félagsins ákveður starfskjör forstjóra. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd, sem hittir ytri endurskoðendur reglulega og eru reglur nefndarinnar aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Stjórn HB Granda hf. leitast við að fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins (síðast útgefnar maí 2015). Félagið álitur sig fylgja framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti í öllum megin dráttum með eftirfarandi undantekningum; Félagið hefur ekki skipað tilnefningarnefnd og hefur ekki talið þörf á ráðgefandi áliti slíkrar nefndar við val frambjóðenda í stjórn. Félagið hefur heldur ekki sett sér skrifleg viðmið um siðferði og stefnu um samfélagslega ábyrgð, en vinna við það er vel á veg komin og líkur væntanlega á árinu 2016. Félagið er aðili að Festu, félagi um samfélagslega ábyrgð og styðst við þau viðmið sem það félag setur meðan unnið er að lokafrágangi félagsins á þessum þætti.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2015 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2015. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir árið 2015 gefi glögg yfirlit um árangur af rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri HB Granda hf. hafa í dag fjallað um samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2015 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 24. febrúar 2016.

Stjórn:

Kristján Loftsson
Halldór Teitsson
Hanna Ásgeirsdóttir
Rannveig Rist
Þórður Sverrisson

Forstjóri:

Vilhjálmur Vilhjálmsson

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og hluthafa HB Granda hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning HB Granda hf. fyrir árið 2015. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um hvort samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í samstæðuársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á samstæðuársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu samstæðuársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð samstæðuársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningur HB Granda hf. gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2015, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 24. febrúar 2016.

Deloitte ehf.

Þorvarður Gunnarsson

Jón Rafn Ragnarsson

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2015

	Skýr.	2015	2014
Seldar vörur	4	225.510	214.911
Kostnaðarverð seldra vara		(159.866)	(154.819)
Vergur hagnaður		65.644	60.092
Aðrar rekstrartekjur		6.272	1.361
Útflutningskostnaður		(13.209)	(12.637)
Annar rekstrarkostnaður	8	(12.490)	(12.319)
Bakfærð virðisrýrnun	9	7.979	0
Rekstrarhagnaður		54.196	36.497
Fjáreignatekjur		233	166
Söluhagnaður og matsbreyting eignarhluta í dótturfélagi		3.802	5.753
Fjármagnsgjöld		(1.938)	(2.859)
Gengismunur		549	1.330
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld samtals	10	2.646	4.390
Áhrif hlutdeildarféлага	15	(3.757)	2.910
Hagnaður fyrir tekjuskatt		53.085	43.797
Tekjuskattur	11	(8.590)	(7.477)
Hagnaður ársins		44.495	36.320
EBITDA		54.239	49.936
Skipting hagnaðar			
Hluthafar móðurfélags		44.495	35.703
Hlutdeild minnihluta		0	617
Hagnaður ársins		44.495	36.320
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	20	0,025	0,020

Skýringar á blaðsíðum 27 til 47 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðureikningnum

YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU ÁRSINS 2015

	Skýr.	2015	2014
Hagnaður ársins		44.495	36.320
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé:			
Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:			
Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum		1.119	240
Þýðingarmunur færður í rekstrarreikning vegna sölu á dótturfélagi		0	(43)
Heildarafkoma ársins		45.614	36.517
Skipting heildarafkomu			
Hluthafar móðurfélags		45.614	35.894
Hlutdeild minnihluta		0	623
Heildarafkoma ársins		45.614	36.517

Skýringar á blaðsíðum 27 til 47 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðureikningnum

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2015

	Skýr.	2015	2014
Eignir			
Rekstrarfjármunir	12	131.288	93.570
Rekstrarfjármunir í smíðum	13	20.917	35.797
Óefnislegar eignir	14	142.532	135.127
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	15	16.659	19.619
Aðrar fjárfestingar	16	8.262	138
Fastafjármunir		<u>319.658</u>	<u>284.251</u>
Birgðir	17	32.047	27.645
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	18	32.457	30.061
Handbært fé		11.204	24.727
Veltufjármunir		<u>75.708</u>	<u>82.433</u>
Eignir samtals		<u><u>395.366</u></u>	<u><u>366.684</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		19.325	19.325
Lögbundinn varasjóður		37.743	37.743
Þýðingarmunur vegna hlutdeildarfélags		2.474	1.355
Óráðstafað eigið fé		186.301	160.406
Eigið fé		<u>245.843</u>	<u>218.829</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	21	74.425	20.527
Tekjuskattsskuldbinding	22	35.325	33.440
Langtímaskuldir		<u>109.750</u>	<u>53.967</u>
Vaxtaberandi skuldir	21	17.569	72.981
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	23	15.256	13.092
Skattar ársins	22	6.948	7.815
Skammtímaskuldir		<u>39.773</u>	<u>93.888</u>
Skuldir		<u>149.523</u>	<u>147.855</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>395.366</u></u>	<u><u>366.684</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 27 til 47 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðureikningnum

EIGINFJÁRYFIRLIT 2015

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minni- hluta	Eigið fé samts
Árið 2014						
Eigið fé 1.1.2014	19.325	37.743	1.164	142.312	2.940	203.484
Heildarafkoma ársins			191	35.703	623	36.517
Minnihluti færður út við sölu					(3.563)	(3.563)
Greiddur arður, 1,5 kr. á hlut				(17.609)		(17.609)
Eigið fé 31.12.2014	19.325	37.743	1.355	160.406	0	218.829
Árið 2015						
Eigið fé 1.1.2015	19.325	37.743	1.355	160.406	0	218.829
Heildarafkoma ársins			1.119	44.495		45.614
Greiddur arður, 1,5 kr. á hlut				(18.600)		(18.600)
Eigið fé 31.12.2015	19.325	37.743	2.474	186.301	0	245.843

Skýringar á blaðsíðum 27 til 47 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðureikningnum

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRSINS 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður ársins		54.196	36.497
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Bakfærð virðisrýrnun aflaheimilda	14 (7.979)	0
Afskriftir og virðisrýrnun rekstrarfjármuna		14.129	14.472
Hagnaður af sölu eigna	(6.108)	(1.034)
Lífrænar eignir, breyting		0	(1.496)
		<u>54.238</u>	<u>48.439</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum	(680)	(1.608)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum		520	(2.835)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(160)	(4.443)
Innheimtar vaxtatekjur		192	166
Greidd vaxtagjöld	(1.938)	(2.828)
Greiddir skattar	(7.821)	(7.286)
Handbært fé frá rekstri		<u>44.511</u>	<u>34.048</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	12 (10.675)	(11.486)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum í smíðum	13 (34.517)	(29.396)
Söluverð rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna		15.143	2.277
Söluverð eignarhluta í dótturfélagi að frádregnu handbæru fé		0	8.988
Fjárfesting í eignarhlutum að frádregnu handbæru fé	(3)	(3.242)
Aðrar fjárfestingar, hækkun	(7.546)	(585)
Fjárfestingarhreyfingar	(<u>37.598</u>	(33.444)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	(18.600)	(17.609)
Skammtímalán	(36.768)	38.905
Tekin ný langtímalán		80.000	0
Afborganir langtímalána	(45.068)	(9.446)
Fjármögnunarhreyfingar	(<u>20.436</u>	<u>11.850</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(13.523)	12.454
Handbært fé í ársbyrjun		<u>24.727</u>	<u>12.273</u>
Handbært fé í árslok		<u>11.204</u>	<u>24.727</u>
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Kaupverð rekstrarfjármuna		0	(1.968)
Langtímakröfur		0	1.968

Skýringar á blaðsíðum 27 til 47 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðureikningnum

1. Félagið

HB Grandi hf. ("Félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Norðurgarði 1, Örfirisey í Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2015 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga" og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

HB Grandi hf. gerir út 9 fiskiskip og vinnur fiskafurðir á sjó, í Reykjavík, á Akranesi og Vopnafirði. Félagið hefur mestar aflaheimildir íslenskra útgerðarfélaga og rekur eigin markaðsdeild sem selur afurðirnar um heim allan. Með reynslumiklu og hæfu starfsfólki er lögð áhersla á ábyrga umgengni til sjós og lands og gæði afurða.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðlum sé fylgt

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu ársreikningsins þann 24. febrúar 2016.

b. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að kræfa vegna sölu á dótturfélagi er færð á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 2e.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuársreikningurinn er birtur í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum evra, nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í ársreikningnum, er að finna í skýringu 14 um mat á endurheimtanlegum fjárhæðum aflaheimilda.

e. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum samstæðunnar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar samstæðan markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggja slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja þá niðurstöðu að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir.

Gangvirðið er flokkað í mismunandi stig eftir stigskiptu kerfi á grundvelli þeirra forsenda sem notaðar eru við matið samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Stig 1: skráð verð (óbreytt) á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Stig 2: aðrar forsendur en skráð verð samkvæmt 1. stigi sem hægt er að greina fyrir eignina eða skuldina, ýmist beint (þ.e. verð) eða óbeint (þ.e. afleidd af verði).

Stig 3: forsendur sem notaðar eru við mat eignar eða skuldar eru ekki byggðar á fánlegum markaðsupplýsingum (ógreinanlegar upplýsingar).

Nánari upplýsingar um forsendurnar sem notaðar eru við ákvörðun gangvirðis er að finna í skýringu 14 óefnislegar eignir.

SKÝRINGAR, FRH.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum af öllum félögum í samstæðunni.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Sameining fyrirtækja

Samstæðan færir sameiningu fyrirtækja með því að nota kaupaðferðina þegar yferráð flytjast til hennar (sjá a iii). Endurgjald fyrir yfirtöku er að jafnaði metið á gangvirði eins og keyptar hreinar aðgreinanlegar eignir. Viðskiptavild sem verður til er virðisprófuð árlega. Allur hagnaður af hagstæðum kaupum er færður í rekstrarreikning þegar í stað. Viðskiptakostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til nema hann tengist útgáfu skuldabréfa eða hlutabréfa.

Allar óvissar viðbótargreiðslur eru metnar á gangvirði á yfirtökudegi og síðari gangvirðisbreytingar óvissa endurgjaldsins færðar í rekstrarreikning.

(ii) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yferráð. Samstæðan fer með yferráð þegar hún ber áhættu eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi af hlutdeild sinni í félaginu og getur haft áhrif á arðsemina vegna yferráða sinna. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yferráð nást og þar til þeim lýkur.

(iii) Hlutdeild annarra eigenda

Hlutdeild annarra eigenda, það er þeirra sem ekki eru ráðandi, er metin miðað við hlutdeild þeirra í aðgreinanlegum eignum yfirtekinnar einingar á kaupdegi.

Breyting á hlutdeild samstæðunnar í dótturfélagi sem leiðir ekki til þess að yferráð tapist er færð sem viðskipti með eigið fé.

(iv) Tap á yferráðum

Þegar yferráð samstæðunnar í dótturfélagi tapast eru eignir og skuldir dótturfélagsins færðar út úr samstæðureikningnum ásamt hlutdeild annarra eigenda þess og öðrum liðum eigin fjár. Allur tengdur hagnaður eða tap er færð í rekstrarreikning. Eignarhlutur sem haldið er eftir er metinn á gangvirði á þeim degi sem yferráð töpuðust.

(v) Hlutdeild í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir með hlutdeildaraðferð. Hlutdeildarfélög eru þau félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yferráð. Hlutdeildarfélög eru upphaflega færð á kostnaðarverði sem innifelur viðskiptakostnað. Eftir upphaflega skráningu er hlutdeild samstæðunnar í afkomu og heildarafkomu hlutdeildarfélaga færð í samstæðureikninginn þar til verulegum áhrifum eða sameiginlegum yferráðum lýkur.

(vi) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er færður til lækkunar í samræmi við eignarhlut samstæðunnar í félögunum. Óinnleyst tap er færð út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrymnunar.

b. Tekjur

Tekjur af sölu afurða eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg, að frádregnum veittum afsláttum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar meginhluti áhættu og ávinnings flyst til kaupanda, innheimta greiðslu er líkleg, hægt er að meta fjárhæð teknanna, tengdan kostnað og vöruskil með áreiðanlegum hætti og engin áframhaldandi afskipti eru af vörunni eða þjónustunni.

c. Gjöld

(i) Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara samanstendur af kostnaði við útgerð og framleiðslu, þar með töldum launakostnaði, veiðigjöldum og afskriftum.

(ii) Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður samanstendur af sölukostnaði, þjónustu við viðskiptavini, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði og ýmsum öðrum kostnaði, þar með töldum launakostnaði og afskriftum vegna annarra en tekjuskapandi eininga samstæðunnar.

SKÝRINGAR, FRH.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld

Fjáreignatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum og hagnaði af áhættuvarnargerningum sem eru færðir í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, tapi af áhættuvarnargerningum sem fært er í rekstrarreikning og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum eða byggingu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur talsverðan tíma að koma í nothæft ástand.

Gengismunur af erlendum gjaldmiðlum er færður nettó.

e. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarafkomu, en þá er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundinna mismuna vegna fjárfestinga í dótturfélögum svo framarlega sem talið er að móðurfélagið geti stýrt því hvenær tímabundni mismunurinn snúist við og talið er líklegt að hann muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð. Tekjuskattsskuldbinding er ekki færð vegna viðskiptavildar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Tekjuskattseignum og tekjuskattsskuldbindingum er jafnað saman þegar lagalegur réttur er til þess, þau varða tekjuskatt sem lagður er á af sömu yfirvöldum á sama fyrirtæki eða mismunandi fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Tekjuskattseign er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

f. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er reiknaður með því að leiðrétta meðalfjölda virkra hluta vegna mögulegrar þynningar vegna hluta sem gæti þurft að gefa út í samræmi við kaupréttarsamninga starfsmanna. Þar sem engir kaupréttarsamningar hafa verið gerðir við starfsmenn og ekki hafa verið gefin út breytanleg skuldabréf er ekki um að ræða neina þynningu á hagnaði á hlut.

g. Starfspáttayfirlit

Starfspáttur er eining innan samstæðunnar sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og stofnað til útgjalda, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfspætti samstæðunnar. Við ákvörðun forstjóra um úthlutun auðlinda til starfspátta og til að meta árangur er afkoma þeirra starfspátta, sem tiltækar fjárhagsupplýsingar liggja fyrir um, yfirfarin reglulega.

Rekstrarafkoma starfspátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfspátt og þá liði sem hægt er að skipta milli starfspátta á rökrænan hátt. Óskiptir liðir samanstanda mestmegnis af tekjum af eignum og kostnaði af vaxtaberandi skuldum.

Fjárfestingar starfspátta er heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna annarra en viðskiptavildar.

Verðlag á vörum og þjónustu milli starfspátta er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

SKÝRINGAR, FRH.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

h. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

(ii) Erlend dótturfélög

Eignir og skuldir erlendra starfsemi eru umreiknaðar í evrur miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendra starfsemi eru umreiknuð í evrur á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í evrur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar erlend starfsemi er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

i. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiður

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Lán og kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Lán og kröfur samanstanda af verðbréfaeign, viðskiptakröfum og öðrum kröfum.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður.

(ii) Hlutfé

Hlutfé er flokkað sem eigið fé. Beinn kostnaður vegna útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé, að frádregnum skattáhrifum.

Kaup á eigin hlutum

Þegar samstæðan kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað.

j. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverðið innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupin.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluandvirði þeirra og bókfærðu verði, er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna, en tap af sölu meðal annarra gjalda.

Fjármagnskostnaður er eignfærður á byggingartíma vegna rekstrarfjármuna í smíðum miðað við vegna meðalvexti alls lánsfjár.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Bókfært verð hlutarins sem er endurnýjaður er gjaldfært. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

SKÝRINGAR, FRH.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

j. Rekstrarfjármunir frh.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð að frádregnu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	17-25 ár
Fiskiskip og búnaður	10-17 ár
Vélar, áhöld og tæki	3-8 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjorsdegi og breytt ef við á.

k. Óefnislegar eignir

(i) Aflaheimildir

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega.

(ii) Viðskiptavild

Viðskiptavild myndast við kaup á dótturfélögum. Viðskiptavild er mismunurinn á kostnaði við yfirtökuna og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda. Þegar neikvæð viðskiptavild myndast er hún tekjufærð strax í rekstrarreikningi.

Síðara mat

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun.

(iii) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir sem eru keyptar eða færðar upp við kaup í samstæðu við kaup á dótturfélögum og eru með takmarkaðan nýtingartíma eru eignfærðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun þar sem við á.

(iv) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er einungis eignfærður ef hann eykur ávinning sem felst í eigninni sem kostnaðurinn varðar. Annar kostnaður, þar á meðal vegna viðskiptavildar og vörumerkja sem myndast hafa innan samstæðurinnar, er færður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

(v) Afskriftir óefnislegra eigna

Afskriftir óefnislegra eigna, annarra en veiðheimilda og viðskiptavildar, eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Afskriftartími hefst þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Viðskiptasambönd	10 ár
------------------------	-------

l. Birgðir

Afurðir eru metnar til eignar á áætluðu meðalframleiðsluverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Hreint söluvirði er áætlað söliverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að ljúka við og selja vöru. Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

m. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjorsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna, sem ekki eru færðar á gangvirði. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem hafa orðið benda til þess að vænt framtíðarsjódstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð.

SKÝRINGAR, FRH.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna samstæðunnar, að undanskildum lífrænum eignum og birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin. Virðisrýrnunarpróf eru gerð að minnsta kosti árlega á viðskiptavild, aflaheimildum og óefnislegum eignum með ótilgreindan líftíma.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeгла mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tilheyrandi viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörsdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Sú virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

n. *Hlunnindi starfsmanna*

Framlög í réttindatengda lífeyrissjóði

Samstæðan greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Samstæðan ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.

o. *Skuldbindingar*

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, ef líklegt er að komi til greiðslu og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi með vöxtum fyrir skatta sem endurspeгла mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

p. *Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddir*

Samstæðan hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem gilda fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2015, sem Evrópusambandið hefur staðfest og eiga við um starfsemi hennar. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast síðar, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil samstæðunnar hafa ekki verið metin.

SKÝRINGAR, FRH.:

4. Starfsþáttayfirlit Rekstrarstarfsþættir

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar. Samstæðan skiptist í tvo starfsþætti, sem skiptast eftir útgerðarþáttum. Starfsþættirnir eru; Botnfiskur - veiðar og vinnsla, Uppsjávarfiskur - veiðar og vinnsla og undir annað fellur starfsemi dótturfélaga.

	Botnfiskur	Uppsjávar- fiskur	Annað	Jöfnunar- færslur	Samtals
2015					
Seldar vörur	124.512	78.426	27.352	(4.780)	225.510
Kostnaðarverð seldra vara	(91.742)	(49.634)	(22.977)	4.487	(159.866)
Vergur hagnaður	32.770	28.792	4.375	(293)	65.644
Aðrar tekjur			6.272		6.272
Útflutningskostnaður	(7.226)	(4.817)	(1.166)		(13.209)
Annar rekstrarkostnaður					(12.490)
Bakfærð virðisrýrnun					7.979
Rekstrarhagnaður					54.196
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld					2.646
Áhrif hlutdeildarfélaganna					(3.757)
Hagnaður fyrir tekjuskatt					53.085
Tekjuskattur					(8.590)
Hagnaður ársins					44.495
Rekstrarfjármunir	40.936	84.338	6.014		131.288
Rekstrarfjármunir í smíðum	20.917				20.917
Óefnislegar eignir	95.403	37.924	9.205		142.532
Óskiptar eignir					100.629
Eignir samtals					395.366
Óskiptar skuldir					149.523
Afskriftir	6.308	7.328	493		14.129
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum	22.763	20.643	1.786		45.192
2014					
Seldar vörur	114.622	75.258	28.753	(3.722)	214.911
Kostnaðarverð seldra vara	(86.534)	(49.163)	(22.844)	3.722	(154.819)
Vergur hagnaður	28.088	26.095	5.909	0	60.092
Aðrar tekjur			1.361		1.361
Útflutningskostnaður	(7.149)	(4.457)	(1.031)		(12.637)
Annar rekstrarkostnaður					(12.319)
Rekstrarhagnaður					36.497
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld					4.390
Áhrif hlutdeildarfélaganna					2.910
Hagnaður fyrir tekjuskatt					43.797
Tekjuskattur					(7.477)
Hagnaður ársins					36.320
Rekstrarfjármunir	42.046	46.543	4.981		93.570
Rekstrarfjármunir í smíðum	4.537	31.260			35.797
Óefnislegar eignir	87.424	38.448	9.255		135.127
Óskiptar eignir					102.190
Eignir samtals					366.684
Óskiptar skuldir					147.855
Afskriftir rekstrarfjármuna	5.917	7.576	979		14.472
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum	8.539	29.533	2.810		40.882

SKÝRINGAR, FRH.:

4. Starfsþáttayfirlit, frh.: Landsvæðaskipting

	Evrópa	Asía	Ameríka	Afríka	Samtals
2015					
Seldar vörur	184.501	24.277	8.890	7.842	225.510
2014					
Seldar vörur	182.746	15.573	6.984	9.608	214.911

Eignir samstæðunnar eru allar á Íslandi utan eignarhluta í félögum í Síle, sem eru óverulegur hluti af heildareignum samstæðunnar.

5. Breytingar á samstæðunni

Útdeiling kaupverðs á Norðanfiski ehf

Á árinu var lokið við útdeilingu á kaupverði Norðanfisks ehf. en á árinu 2014 eignaðist HB Grandi hf. allt hlutafé í félaginu. Á árinu 2014 var yfirtakan á félaginu færð til bráðabirgða í efnahagsreikning samstæðunnar en endanleg úthlutun hafði þau áhrif að viðskiptavild lækkaði um 1.172 þús. evra og viðskiptasambönd, sem eru afskrifuð á 10 árum, hækkuðu um sömu fjárhæð að teknu tilliti til tekjuskattskuldbindingar.

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2015	2014
Laun	58.040	52.259
Lífeyrisgjöld	5.772	5.126
Önnur launatengd gjöld	5.715	5.206
Laun og launatengd gjöld samtals	69.527	62.591

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:

Kostnaðarverð seldra vara	65.963	59.698
Annar rekstrarkostnaður	3.564	2.893
Laun og launatengd gjöld samtals	69.527	62.591

Ársverk	880	920
---------------	-----	-----

7. Veiðigjald

Félagið greiðir veiðigjald skv. lögum nr. 74/2012 um veiðigjald. Á árinu 2015 nam gjaldfært veiðigjald 7.184 þús. evrur (2014: 7.480 þús. evrur). Veiðigjaldið er gjaldfært meðal kostnaðarverðs seldra vara í rekstrarreikningi.

8. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2015	2014
Laun og launatengd gjöld	3.564	2.893
Annar stjórnunarkostnaður	4.451	3.588
Skráningarkostnaður	0	730
Markaðskostnaður	1.085	1.643
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	3.209	3.365
Annar kostnaður	181	100
Annar rekstarkostnaður samtals	12.490	12.319

SKÝRINGAR, FRH.:

9. Virðisrýrnun

Virðisrýrnun greinist þannig:	2015	2014
Bakfærð virðisrýrnun aflaheimilda	7.979	0
Virðisrýrnun samtals	<u>7.979</u>	<u>0</u>

10. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld

Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur	210	160
Tekjur af eignarhlutum	23	6
Söluhagnaður eignarhluta í dótturfélagi	3.802	5.001
Matsbreyting eignarhluta í dótturfélagi	0	752
Fjáreignatekjur samtals	<u>4.035</u>	<u>5.919</u>
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.938)	(2.859)
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(1.938)</u>	<u>(2.859)</u>
Gengishagnaður gjaldmiðla	549	1.330
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>2.646</u>	<u>4.390</u>

Á árinu 2014 seldi félagið eignarhlut sinn í dótturfélaginu Stofnfiski hf. Samkvæmt samningnum gat söluverð eignarhlutans hækkað næði Stofnfiskur hf. sölumarkmiðum sínum innan þriggja ára. Miðað við rekstramiðurstöður félagsins fyrir árið 2015 mun HB Grandi fá greiðslur umfram upphaflegt söluverð og hafa 3.802 þús. evrur verið tekjufærðar sem viðbótarsöluhagnaður.

11. Tekjuskattur

Virkt tekjuskattshlutfall samstæðunnar á árinu var 16,2% (2014: 17,1%). Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2015	2014		
Skattar til greiðslu				
Skattar ársins	6.948	7.815		
Frestaðir skattar				
Tímabundnir mismunir	1.642	(338)		
Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi	<u>8.590</u>	<u>7.477</u>		
Virkur tekjuskattur greinist þannig:	2015	2014		
Hagnaður ársins	44.495	36.320		
Tekjuskattur	<u>8.590</u>	<u>7.477</u>		
Hagnaður án tekjuskatts	<u>53.085</u>	<u>43.797</u>		
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	10.617	20,0%	8.759
Áhrif gengismunar	(2,2%)	(1.169)	0,9%	411
Áhrif skatthlutfalla á erlendu skattsvæði	(0,2%)	(99)	0,0%	20
Eignarhlutir utan skattskuldbindingar	(1,4%)	(760)	(3,9%)	(1.715)
Aðrir liðir, ófrádráttarbærir	0,0%	1	0,0%	2
Virkur tekjuskattur	<u>16,2%</u>	<u>8.590</u>	<u>17,1%</u>	<u>7.477</u>

SKÝRINGAR, FRH.:

12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Fiskiskip og búnaður	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Heildarverð 1.1.2014	70.274	134.627	103.468	308.369
Yfirtekið í samstæðu	503	0	176	679
Viðbætur á árinu	2.508	2.603	8.343	13.454
Selt og niðurlagt	(1.955)	(10.771)	(1.311)	(14.037)
Fært út í samstæðu	(12.521)	0	(2.483)	(15.004)
Heildarverð 31.12.2014	58.809	126.459	108.193	293.461
Viðbætur á árinu	4.788	211	5.676	10.675
Flutt af rekstrarfjármunum í smíðum	0	49.397	0	49.397
Selt og niðurlagt	0	(32.593)	(3.409)	(36.002)
Heildarverð 31.12.2015	63.597	143.474	110.460	317.531
Afskriftir				
Afskrifað 1.1.2014	35.365	101.015	67.384	203.764
Afskriftir ársins	1.763	5.808	6.646	14.217
Selt og niðurlagt	(1.022)	(9.994)	(620)	(11.636)
Fært út í samstæðu	(4.512)	0	(1.942)	(6.454)
Afskrifað alls 31.12.2014	31.594	96.829	71.468	199.891
Afskriftir ársins	1.566	5.030	7.247	13.843
Selt og niðurlagt	0	(24.166)	(3.325)	(27.491)
Afskrifað alls 31.12.2015	33.160	77.693	75.390	186.243
Bókfært verð				
1.1.2014	34.909	33.612	36.084	104.605
31.12.2014	27.215	29.630	36.725	93.570
31.12.2015	30.437	65.781	35.070	131.288
Afskriftahlutföll	4 - 6%	6 - 10%	12 - 33%	
Afskriftir skiptast þannig eftir rekstrarliðum:			2015	2014
Kostnaðarverð seldra vara			13.843	14.217
Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi			13.843	14.217

Virðisrýrnun rekstrarfjármuna

Á árinu var færð virðisrýrnun að fjárhæð 450 þús. evrur í tengslum við endurnýjun ísfiskstogara félagsins.

Vátryggingar og mat eigna

Vátryggingarverð og fasteignamat rekstrarfjármuna samstæðunnar í árslok nam eftirfarandi fjárhæðum:

Fasteignamat fasteigna og lóða	36.939	29.618
Brunabótamat fasteigna og lóða	71.286	55.971
Vátryggingarverð skipa og búnaðar	113.860	79.897
Vátryggingarverð áhalda og tækja	107.219	90.992
Vátryggingaverð afla og veiðarfæra	17.050	17.601
Vátryggingaverð afurða	42.786	32.824

SKÝRINGAR, FRH.:

12. Rekstrarfjármunir frh.

Veðskuldir

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veðskuldabréf og tryggingabréf til tryggingar skuldum. Verðmæti þessara trygginga greinast þannig:

	2015	2014
Fiskiskip og búnaður	248.166	174.899
Fasteignir og vélar	34.544	26.962
Tryggingabréf og afurðir	1.419	1.300
Samtals	<u>284.129</u>	<u>203.161</u>

13. Rekstrarfjármunir í smíðum

Rekstrarfjármunir í smíðum greinast þannig:

Kostnaðarverð

		Fiskiskip
Heildarverð 1.1.2014		6.401
Viðbætur á árinu		<u>29.396</u>
Heildarverð 31.12.2014		35.797
Viðbætur á árinu		34.517
Flutt á rekstrarfjármuni	(<u>49.397)</u>
Heildarverð 31.12.2015		<u>20.917</u>

Á árinu var smíði tveggja uppsjávarskipa lokið og voru þau afhent félaginu í maí og desember. Félagið hefur samið um smíði þriggja nýrra ísfisksskipa og nemur samningsfjárhæðin um 44.000 þús. evrur. Félagið hefur einnig samið um kaup á vinnslubúnaði í ísfisksskipin og nemur heildarfjárhæð þeirra samninga um 8.000 þús. evrur. Ráðgert að ísfiskstogaranir verði afhentir á árunum 2016 og 2017.

Meðal rekstrarfjármuna í smíðum eru eignfærðir vextir að fjárhæð 338 þús. evrur (2014: 603 þús. evrur) sem eru eignfærðir miðað við 2,3% vexti.

14. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	2015	2014
Viðskiptasambönd	3.185	2.297
Viðskiptavild	6.019	6.957
Aflaheimildir	133.328	125.873
Óefnislegar eignir 31.12	<u>142.532</u>	<u>135.127</u>

Viðskiptasambönd

Viðskiptasambönd greinast þannig:

Viðskiptasambönd 1.1.	2.297	0
Úthlutað á árinu	1.172	2.552
Afskrifað á árinu	(284)	(255)
Viðskiptasambönd 31.12.	<u>3.185</u>	<u>2.297</u>

Afskriftahlutfall	10%	10%
-------------------------	-----	-----

Viðskiptavild

Viðskiptavild greinist þannig:

Viðskiptavild 1.1.	6.957	7.520
Viðbót á árinu	0	3.159
Ráðstafað á viðskiptasambönd	(1.172)	(2.552)
Fært á tekjuskattskuldbindingu	234	510
Fært út við sölu dótturfélags	0	(1.680)
Viðskiptavild 31.12.	<u>6.019</u>	<u>6.957</u>

14. Óefnislegar eignir frh.:

Viðskiptavild frh.

Viðskiptavild greinist þannig niður á fjárskapandi einingar:	2015	2014
Viðskiptavild Vignis G. Jónssonar ehf.	3.798	3.798
Viðskiptavild Norðanfisks ehf.	2.221	3.159
Viðskiptavild samtals	<u>6.019</u>	<u>6.957</u>

Virðisrýrnunarpróf voru framkvæmd á viðskiptavild vegna Vignis G. Jónssonar ehf. og Norðanfisks ehf. í árslok 2015. Í prófunum eru endurheimtanlegar fjárhæðir metnar á þann hátt að núvirða áætlað framtíðar fjárstreymi. Áætlað framtíðar fjárstreymi byggir á áætlunum félaganna til næstu fjögurra ára, þar sem væntingar um hagnað og vöxt efnahags, ásamt ávöxtunarkröfu voru meðal helstu breyta í matinu. Rekstraráætlanir byggja á rauntölum og framtíðarvæntingum stjórnenda. Stuðst var við ávöxtunarkröfu eftir skatta til að núvirða framtíðar fjárflæði eftir skatta. Ávöxtunarkrafan tekur tillit til þeirrar áhættu sem felst í starfsemi félaganna. Niðurstaða virðisrýrnunarprófanna var að endurheimtanlegt verð eignarhlutanna var hærra en bókfært verð þeirra og engin virðisrýrnun því færð.

Helstu forsendur í prófunum voru eftirfarandi:	Vignir G. Jónsson ehf.	Norðan- fiskur ehf.
Meðalvöxtur tekna til fimm ára	2,3%	2,4%
Framtíðarvöxtur	2,0%	2,0%
Ávöxtunarkrafa	10,3%	10,2%
Endurheimtanlegt virði viðskiptavildar umfram bókfært verð	1.494	958

Breytingar á forsendum virðisrýrnunarprófanna, bæði hvað varðar hækkun á ávöxtunarkröfum um eitt prósentustig og lækkun EBITDA um 10% hafa ekki áhrif á bókfært verð viðskiptavildarinnar.

Aflaheimildir

Keyptar aflaheimildir greinast þannig:	2015	2014
Aflaheimildir 1.1.	125.873	125.873
Bakfærð virðisrýrnun	7.979	0
Selt á árinu	(524)	0
Aflaheimildir 31.12.	<u>133.328</u>	<u>125.873</u>
Aflaheimildir botnfiskur	95.403	87.424
Aflaheimildir uppsjávarfiskur	37.925	38.449
Aflaheimildir 31.12.	<u>133.328</u>	<u>125.873</u>

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega. Virðisrýrnunarprófi aflaheimilda er skipt á rekstrarstarfsþætti félagsins sem eru veiðar og vinnsla botnfisks og veiðar og vinnsla uppsjávarfisks. Rekstrarstarfsþættirnir eru sjálfstæðar fjárskapandi einingar.

Á árinu 2013 voru tekjufærðar 13.622 þús. evrur af þeirri 21.601 þús. evru virðisrýrnun sem færð var á aflaheimildum botnfisks á árinu 2012. Niðurstaða virðisrýrnunarpófs á aflaheimildum í árslok 2015 leiðir til þess að tekjufærðar eru 7.979 þús. evrur sem eru eftirstöðvar áður gjaldfærðar virðisrýrnunar á aflaheimildum í botnfiski. Helsta breytingin frá árinu 2014 er að búið er að breyta lögum nr. 74/2012 um veiðigjald. Eldri lög gerðu ráð fyrir að veiðigjöld á fiskveiðiárinu 2016/2017 myndu nema 65% af sérstaklega reiknaðri rentu allra sjávarútvegsfyrirtækja.

Metið endurheimtanlegt virði aflaheimilda uppsjávarfisks er verulega umfram bókfært verð. Stjórnendur telja að raunhæfar breytingar í lykilorðendum myndu ekki leiða til þess að endurheimtanlegt virði aflaheimilda yrði lægra en bókfært verð þeirra.

Við mat á hugsanlegri virðisrýrnun aflaheimilda var endurheimtanleg fjárhæð hverrar fjárskapandi einingar metin með því að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi nýtingu eininganna. Áætlað fjárstreymi byggir á spá um rekstrarafkomu starfsþáttanna til næstu fimm ára.

SKÝRINGAR, FRH.:

14. Óefnislegar eignir frh.:

Aflaheimildir frh.:

Stuðst var við eftirfarandi forsendur við mat á endurheimtanlegri fjárhæð:

	Botnfiskur		Uppsjávarfiskur	
	2015	2014	2015	2014
Nafnvöxtur tekna 2014/2015 / 2013/2014	6,3%	10,4%	13,9%	0,4%
Veginn meðalvöxtur tekna 2016 til 2020 / 2015 til 2019	0,5%	(0,2%)	(2,8%)	(2,0%)
Framtíðarvöxtur að teknu tilliti til verðlagsþróunar	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%
Ávöxtunarkrafa, WACC	8,7%	8,7%	8,7%	8,7%

Við mat á rekstrarafkomu næstu fimm ára er veiðigjald áætlað. Erfitt er fyrir stjórnendur félagsins að meta veiðigjald til framtíðar. Virðisrýnnunarprófið byggir á þeirri forsendu að gjaldið er reiknað miðað við rekstraráætlanir félagsins eftir reiknigrunni í lögum nr. 74/2012 sem lagður er til grundvallar við ákvörðun veiðigjalds á greinina í heild sinni fyrir fiskveiðiárið 2015/2016.

Hóflugar breytingar á lykil forsendum uppsjávarfisks hafa ekki áhrif til virðisrýnnunar.

Breytingar á eftirfarandi forsendum botnfisks hefðu eftirfarandi áhrif á bókfært verð aflaheimilda í árslok.

	2015	2014
Hækkun á ávöxtunarkröfu um eitt prósentustig		
Lækkun aflaheimilda og gjaldfærð virðisrýnnun	(9.949)	(18.452)
Lækkun EBITDA um 10%		
Lækkun aflaheimilda og gjaldfærð virðisrýnnun	(6.673)	(11.280)
Lækkun á ávöxtunarkröfu um hálf prósentustig		
Hækkun aflaheimilda og bakfærð virðisrýnnun	0	7.979
Hækkun EBITDA um 10%		
Hækkun aflaheimilda og bakfærð virðisrýnnun	0	7.979

Aflaheimildir félagsins greinast þannig:	Hlutdeild í úthlutun 2015	Úthlutaðar heimildir tonn	Óveidd tonn 31.12.2015	Óveidd tonn 31.12.2014
Tegund:				
Þorskur	5,0%	9.443	5.427	4.879
Þorskur í norskrí lögsögu	22,2%	1.456	1.456	1.173
Þorskur í rússneskrí lögsögu	28,3%	-	-	733
Ýsa	6,6%	1.910	1.139	1.090
Ufsi	17,6%	7.684	7.070	6.684
Gullkarfi	29,3%	13.448	10.115	9.479
Djúpkarfi	32,6%	3.086	2.124	2.041
Úthafskarfi	30,5%	761	830	959
Grálúða	13,2%	1.423	1.389	1.425
Gulllax	32,6%	2.473	2.224	2.044
Íslensk sumargotssíld	11,1%	7.456	949	728
Norsk íslensk vorgotssíld	14,1%	5.900	6.908	5.829
Loðna	18,0%	17.100	17.100	72.542
Kolmunnur	20,9%	24.676	29.638	40.426
Aðrar kvótabundnar tegundir		1.098	870	901
Samtals aflaheimildir í þorskígildum		46.714	36.551	46.141

SKÝRINGAR, FRH.:

14. Óefnislegar eignir frh.:

Aflaheimildir frh.:

Úthlutun aflaheimilda í íslenski fiskveiðilögsögu fer fram árlega og byggir á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða. Sjávarútvegsráðherra ákveður með reglugerð þann heildarafla sem veiða má úr þeim einstöku nytjastofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

Botnfiskheimildir miðast almennt við úthlutun í september 2015. Heimildir í úthafskarfa og þorski í norskrilögsögu miðast þó við úthlutun í janúar 2016. Samningaviðræðum um þorskveiðar í rússneskrilögsögu var frestað.

Heimildir í íslenskrilögsögu miðast við úthlutun í september 2015. Heimildir í norsk íslenskrilögsögu miðast við úthlutun í janúar 2016. Loðnuheimildir byggja á upphafsúthlutun í október 2015 og janúar 2016.

Útreikningur á þorskígildum miðast við margfeldisstuðla sem gefnir eru út af sjávarútvegsráðuneytinu.

Sjávarútvegsráðherra hefur ekki úthlutað heildarkvóta Íslendinga í makríl á árinu 2016. Úthlutun á heildarkvóta Íslendinga árið 2015 nam 173 þúsund tonn.

15. Hlutdeildarfélag

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum greinast þannig:

		2015		2014		
	Eignarhlutur	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð	Eignarhlutur	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Deris S.A., Síle	20,0%	(3.757)	16.659	20,0%	2.771	19.619
Norðanfiskur ehf.				100,0%	139	0
Samtals		(3.757)	16.659		2.910	19.619

16. Aðrar fjárfestingar

Aðrar fjárfestingar greinast þannig:

	2015	2014
Eignarhlutir í öðrum félögum	161	138
Langtímakröfur	8.101	0
Aðrar fjárfestingar samtals	8.262	138

Langtímakrafa er lánveiting til hlutdeildarfélags Granda Limitada, Deris S.A. Lánveitingin ber breytilega vexti sem voru í árslok 3,4%.

17. Birgðir

Birgðir í árslok greinast þannig:

Afurðabirgðir	27.451	23.208
Rekstrarvörubirgðir	4.596	4.437
Birgðir samtals	32.047	27.645

18. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig í árslok:

	2015	2014
Nafnverð viðskiptakrafna	26.652	28.118
Niðurfærsla viðskiptakrafna sem kunna að tapast	(2.982)	(4.103)
Aðrar skammtímakröfur	2.438	2.019
Fyrirframgreiðslur	1.165	2.645
Útistandandi söliverð eignarhluta í dótturfélagi	5.184	1.382
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	32.457	30.061

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspeglir gangvirði þeirra. Fjallað er um lánsáhættu, gengisáhættu og virðisrymnun (niðurfærslu) viðskiptakrafna og annarra krafna samstæðunnar í skýringu 25.

SKÝRINGAR, FRH.:

19. Eigið fé

(i) Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.822,2 millj. kr. í árslok. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 8,6 millj. kr. sem færð eru til lækkunar á eigin fé. Útistandandi hlutir í árslok eru 1.813,6 millj. kr. og eru þeir allir greiddir. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun.

(ii) Lögbundinn varasjóður

Félaginu er skylt að leggja minnst tíu prósent þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrir ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði í lögbundinn varasjóð uns hann nemur tíu prósent hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm prósent þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta hlutafjárins. Félaginu hefur verið greitt meira en nafnverð fyrir hluti þegar hlutfé þess hefur verið hækkað og er fjárhæð sem greidd hefur verið umfram nafnverð færð á yfirverðsreikning. Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en einum fjórða hluta hlutafjárins er heimilt að nota fjárhæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutféð eða, sé fyrir mæla 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög gætt, til annarra þarfa.

(iii) Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila erlendrar starfsemi sem er aðskiljanlegur hluti af rekstri félagsins.

(iv) Arður

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um að greiddur yrði 1,50 kr. arður af hverjum hlut útistandandi hlutafjár á árinu 2015 vegna rekstrarársins 2014, og voru 2.720 millj. kr. greiddar í arð til hluthafa í apríl 2015.

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2016 verði vegna rekstrarársins 2015 greiddur 1,7 kr. arður af hverjum hlut útistandandi hlutafjár til hluthafa, eða 3.083 millj. kr. (um 21,9 millj. evra á lokagengi ársins 2015). Arðgreiðslan samsvarar 4,1% af markaðsvirði hlutafjár í lok árs 2015. Tillaga um greiðslu arðs þarf samþykki aðalfundar.

Greiddur arður á hlut hefur verið með eftirfarandi hætti:	2015	2014
Greiddur arður á hlut (ISK)	1,50	1,50

20. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals virks hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga við starfsmenn og ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutfé.

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut

Hagnaður ársins til hluthafa í móðurfélaginu	44.495	35.703
--	--------	--------

Vegið meðaltal hlutabréfa

Vegið meðaltal útistandandi hluta síðustu 12 mánuði (þúsund ISK)	1.813.659	1.813.659
Hagnaður á útistandandi hlut	0,025	0,020

21. Vaxtaberandi skuldir

Í þessari skýringu eru upplýsingar um samningsbundin ákvæði vaxtaberandi skulda samstæðunnar, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Upplýsingar um lausafjánhættu, vaxtaáhættu og gengisáhættu er að finna í skýringum 26-27.

	2015	2014
Langtímaskuldir		
Langtímaskuldir með veði	80.487	45.233
Næsta árs afborganir	(6.062)	(24.706)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	74.425	20.527
Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborganir	6.062	24.706
Skammtímalánalínur	11.507	48.275
Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals	17.569	72.981
Vaxtaberandi skuldir samtals	91.994	93.508

SKÝRINGAR, FRH.:

21. Vaxtaberandi skuldir frh.

Skilmálar vaxtaberandi langtímaskulda

	Gjalddagar	2015		2014	
		Vextir í árslok	Eftirstöðvar	Vextir í árslok	Eftirstöðvar
Skuldir í EUR	2016-2020	2,7%	80.487	3,6%	42.374
Skuldir í USD			0	3,7%	2.859
			80.487		45.233
Næsta árs afborganir			(6.062)		(24.706)
			74.425		20.527

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

	2015	2014
Árið 2015	-	24.706
Árið 2016	6.062	12.317
Árið 2017	6.062	4.338
Árið 2018	6.063	3.152
Árið 2019	27.200	720
Árið 2020	35.100	-
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	80.487	45.233

Í árslok 2015 var gengið frá lánasamningi við DNB Bank ASA og Íslandsbanka hf. um fjármögnun á þremur nýjum ísfiskskipum sem eru í smíðum. Fjármögnunin er allt að 55 milljónum evra sem dregið verður á í þremur hlutum og mun lánstími hvers ádráttar vera 5 ár. Lánið ber breytilega vexti og voru meðalvextir við undirritun lánasamningsins 2,4%. Gert er ráð fyrir að fyrsti ádráttur fari fram í nóvember 2016 samhliða afhendingu á fyrsta ísfiskskipinu. Skammtímalán sem nam í árslok um 11 millj. evra mun verða greitt upp þegar dregið verður á lánið.

22. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	2015	2014
Tekjuskattsskuldbinding 1.1	33.440	34.891
Viðbót í samstæðu	243	541
Fært út úr samstæðu	0	(1.654)
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	8.590	7.477
Tekjuskattur til greiðslu	(6.948)	(7.815)
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.	35.325	33.440

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:

	2015	2014
Rekstrarfjármunir	9.514	5.416
Óefnislegar eignir	22.449	24.088
Erlent hlutdeildarfélag	2.675	3.653
Birgðir	288	244
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	(126)	(547)
Vaxtaberandi skuldir	525	586
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.	35.325	33.440

23. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2015	2014
Viðskiptaskuldir	12.642	10.984
Aðrar skammtímaskuldir	2.614	2.108
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	15.256	13.092

Áhættustýring

24. Yfirlit

Eftirfarandi áhættuþættir fylgja fjármálagerningum samstæðunnar:

Lánsáhætta
Lausafjárahætta
Gjaldmiðlaáhætta
Rekstraráhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreinda áhættuþætti, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og stýra áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu hennar. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva, skilgreina og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Aðferðir við áhættustýringu eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar. Með reglulegu samráði og verklagsreglum stefnir samstæðan að öguðu eftirliti, þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Stjórn móðurfélagsins hefur eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Stjórnin hefur falið forstjóra móðurfélagsins umsjón með daglegri áhættustýringu félagsins.

25. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Um 39% (2014: 33%) af tekjum samstæðunnar eru vegna sölu á vörum til fimm stærstu viðskiptamanna hennar.

Stjórnendur fylgjast með innheimtu viðskiptakrafna á reglubundinn hátt. Stjórnendur meta innheimtanleika krafna og eru kröfurnar færðar niður ef líklegt er talið að þær muni ekki innheimtast.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Aldursgreining viðskiptakrafna er yfirfarin og mynduð niðurfærsla vegna áætlaðrar virðisrýrnunar þeirra. Niðurfærslan er reiknuð hlutfallslega miðað við aldur viðskiptakrafna. Lagt er mat á áhættukröfur og ef ástæða þykir til er færð sérstök niðurfærsla.

Ábyrgðir

Móðurfélagið hefur gengist í ábyrgðir fyrir dótturfélagið Vigni G. Jónsson ehf. vegna fjármögnunar félagsins og námu eftirstöðvar lánsins 2.900 þús. evrur í árslok.

Mögulegt tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	2015	2014
Viðskipta- og aðrar skammtímakröfur	31.292	27.416
Fyrirframgreiðslur	1.165	2.645
Handbært fé	11.204	24.727
	<u>43.661</u>	<u>54.788</u>

Mesta mögulega tap samstæðunnar á viðskiptakröfum skiptist með eftirfarandi hætti eftir landsvæðum:

Evrópa	23.538	26.070
Ameríka	1.585	1.450
Asía	1.528	598
	<u>26.651</u>	<u>28.118</u>

SKÝRINGAR, FRH.:

25. Lánsáhætta, frh.:

Virðisrýrnun viðskiptakrafna

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok:

	Nafnverð kröfu		Niðurfærsla	
	2015	2014	2015	2014
Ógjaldfallið	18.309	12.503		
Gjaldfallið innan 30 daga	4.907	9.025		
Gjaldfallið fyrir 31-120 dögum	2.274	5.638	1.821	3.151
Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum	1.161	952	1.161	952
	26.651	28.118	2.982	4.103

Virðisrýrnun viðskiptakrafna greinist þannig:

Staða 1.1.		4.103	1.329
Fært út á árinu	(4.753)	(607)
Gjaldfærð virðisrýrnun á árinu		3.209	3.363
Gengismunur		423	18
Staða 31.12.		2.982	4.103

26. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Samstæðan hefur samið um yfirdráttarheimildir og hefur aðgang að lánalínum hjá þremur íslenskum viðskiptabönkum. Ónýttar heimildir námu 54.000 þús. evrur í árslok.

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, sem ekki eru afleiður, að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum, greinast þannig:

	Bókfært verð	Umsamið sjóðstreymi	Innan 1 árs	1-2 árs	2-5 ár	Meira en 5 ár
2015						
Veðtryggð lán	80.487	88.751	8.175	8.007	72.569	0
Skammtímaskuldir	33.711	33.711	33.711			
	114.198	122.462	41.886	8.007	72.569	0
2014						
Veðtryggð lán	45.233	47.014	25.700	17.364	3.950	0
Skammtímaskuldir	69.182	69.182	69.182			
	114.415	116.196	94.882	17.364	3.950	0

27. Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vöxtum og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu gjaldmiðlaáhættu er að takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna sölu afurða og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga. Helstu gjaldmiðlar sem skapa gengisáhættu eru íslensk króna (ISK), breskt pund (GBP), japönsk jen (JPY) og bandarískur dollar (USD).

Stjórn félagsins hefur sett sér stefnu um áhættustýringu sem hefur það að meginmarkmiði að lágmarka gengis- og vaxtaáhættu og leitast þannig við að forðast neikvæð áhrif gengissveiflna og stuðla að stöðugleika í rekstri.

Lántaka samstæðunnar í erlendum gjaldmiðlum myndar gengisáhættu sem að hluta til er varin með sjóðstreymi samstæðunnar.

Gjaldmiðlaskiptasamningar eru notaðir til að verjast gengisáhættu að hluta. Í árslok nam fjárhæð útistandandi samninga 9.141 þús. evra (2014: 8.197 þús. evra).

SKÝRINGAR, FRH.:

27. Gjaldmiðlaáhætta frh.

Áhætta samstæðunnar vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir:

	USD	JPY	GBP	ISK	Aðrar myntir
2015					
Viðskiptakröfur	11.644	113	2.781	9.297	1.528
Viðskiptaskuldir	(422)			(13.090)	(7)
Áhætta í efnahagsreikningi	11.222	113	2.781	(3.793)	1.521
2014					
Viðskiptakröfur	16.352	101	1.620	7.790	1.494
Veðtryggð lán	(2.859)	0	0	0	0
Skammtímalán	(1.267)	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir	(105)	0	0	(11.707)	0
Áhætta í efnahagsreikningi	12.121	101	1.620	(3.917)	1.494

Næmnigreining

10% styrking evru gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum 31. desember mundi hafa hækkað afkomu samstæðunnar fyrir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti og árið 2014.

	2015	2014
USD	(1.122)	(1.212)
JPY	(11)	(10)
GBP	(278)	(162)
ISK	379	392
Aðrar myntir	(152)	(149)
	(1.184)	(1.141)

Gengi helstu gjaldmiðla á árinu gagnvart evru var sem hér segir:

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2015	2014	2015	2014
CHF	0,937	0,823	0,923	0,832
USD	0,902	0,754	0,917	0,823
JPY	0,007	0,007	0,008	0,007
GBP	1,378	1,241	1,359	1,282
ISK	0,007	0,006	0,007	0,007

Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru allar með breytilegum vöxtum. Vaxtaskiptasamningar eru notaðir til að verjast vaxtaáhhættu að hluta. Á árinu voru gerðir vaxtaskiptasamningar samtals að fjárhæð 20.000 þús. evra til sjö ára með föstum meðalvöxtum 0,4725%. Í árslok 2015 nam fjárhæð útistandandi samninga 20.000 þús. evra.

Vaxterandi fjármálagerningar samstæðunnar í árslok greinast þannig:

	2015	2014
Fjárskuldir með breytilega vexti	71.994	93.508
Fjárskuldir með fasta vexti	20.000	0
	91.994	93.508

Breyting á vöxtum á uppgjörsdegi um 100 punkta hefði hækkað (lækkað) afkomu um 720 þús. evra. (2014: 935 þús. evra) fyrir tekjuskatt. Útreikningurinn miðast við rekstraráhrif á ársgrundvelli. Þessi greining byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar. Greiningin er unnin með sama hætti og árið 2014.

SKÝRINGAR, FRH.:

27. Gjaldmiðlaáhætta frh.

Gangvirði

Óverulegur munur er á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda.

Önnur markaðsverðsáhætta

Önnur markaðsverðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar.

28. Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu eða óbeinu tapi sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi samstæðunnar. Meðal áhættuþátta er vinna starfsmanna samstæðunnar, tækni og skipulag sem beitt er, og ytri þættir aðrir en láns-, markaðs- og lausafjáraáhætta. Rekstraráhætta myndast við alla starfsemi samstæðunnar.

Hluti af rekstraráhættu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja er sú áhætta, að stjórnvöld breyti leikreglum í sjávarútvegi með þeim hætti að starfsemi samstæðunnar verði óhagkvæmari en ella.

Samstæðan býr við áhættu vegna náttúrusveiflna. veiðar og vinnsla á fiski eru meðal annars háðar vexti og viðgangi fiskistofna við landið. Breytingar á náttúrufari og aðstæðum í hafinu geta valdið minnkun veiðistofna, breyttri samsetningu þeirra og samdrætti í afla samstæðunnar og þannig haft bein áhrif á fjárhagslega afkomu hennar.

Samstæðan leitast við að stýra rekstraráhættu með hagkvæmum hætti til að forðast fjárhagslegt tap og til að vernda orðstír hennar.

Til að draga úr rekstraráhættu er meðal annars komið á stýringu á veiðum og vinnslu afla. Einnig viðeigandi aðskilnaði starfa, eftirliti með viðskiptum og fylgni við lög. Starfsmenn eru þjálfaðir, verkferlar skipulagðir og skráðir og keyptar tryggingar þegar við á.

29. Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða samstæðunnar sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Langtíamarkmið stjórnar félagsins er að greiða helming hagnaðar út í arð.

30. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Hlutdeildarfélag (skýring 15), hluthafar með veruleg áhrif, félög í þeirra eigu, stjórnarmenn og stjórnendur ásamt mökum þeirra og ófjárráða börnum teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar. Viðskipti milli samstæðufélaga eru felld niður við gerð samstæðureiknings.

Viðskipti við stjórnendur

Laun og hlunnindi til stjórnenda félagsins vegna starfa fyrir félög í samstæðunni og eignarhlutir þeirra í félaginu greinast þannig:

	Laun og hlunnindi		Nafnverð hlutafjár	
	2015	2014	2015	2014
Kristján Loftsson, stjórnarformaður	31	23	249	249
Halldór Teitsson, stjórnarmaður	15	12	0	0
Hanna Ásgeirsdóttir, stjórnarmaður	15	12	1.005	1.005
Rannveig Rist, stjórnarmaður	12	12	0	0
Þórður Sverrisson, stjórnarmaður	15	9	40	40
Ingibjörg Björnsdóttir, fyrrv. stjórnarmaður	-	1	-	6.863
Jóhann Hjartarson, fyrrv. stjórnarmaður	-	3	-	144
Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri	294	248	101	101
Brynjólfur Eyjólfsson, markaðsstjóri	137	115	0	0
Garðar Svavarsson, deildarstj. uppsjávarsviðs	137	115	0	0
Jónas Guðbjörnsson, fjármálastjóri	162	161	36	36
Svavar Svavarsson, viðskiptaþróun	136	115	73	73
Torfi Þ. Þorsteinsson, deildarstj. botnfiskssviðs	159	145	13	13

Með eignarhlutum eru taldir eignarhlutar maka og ófjárráða barna. Auk þeirra eignarhluta sem taldir eru upp hér að ofan eiga félög, þar sem stjórnarmenn HB Granda hf. eru í meirihluta stjórnar, eignarhluti samtals að nafnverði 622 millj. kr. (2014: 622 millj. kr.).

SKÝRINGAR, FRH.:

30. Tengdir aðilar frh.

Viðskipti við hluthafa

Hluthafi með veruleg áhrif í árslok 2015 er Vogun hf. Félagið átti viðskipti á árinu við Hampiðjuna hf. sem er í eigu Vogunar og fleiri hluthafa HB Granda hf. Heildarfjárhæð viðskiptanna á árinu nam 4.403 þús. evrur (2014: 3.196 þús. evrur) og skuld HB Granda hf. í árslok nam 1.291 þús. evrur (2014: 553 þús. evrur). Viðskipti samstæðunnar við hluthafa voru eins og um viðskipti ótengdra aðila væri að ræða.

31. Dótturfélög

Í árslok voru dótturfélög móðurfélagsins þrjú. Dótturfélög samstæðunnar eru eftirfarandi:

	Land	Eignarhluti
Vignir G. Jónsson ehf.	Ísland	100%
Norðanfiskur ehf.	Ísland	100%
Grandi Limitada	Síle	100%

32. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar:

	2015	2014
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,90	0,88
Lausafjárlutfall - kvikir veltufjármunir/ skammtímaskuldir	1,10	0,58
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	0,62	0,60
Arðsemi eigin fjár	21,6%	18,6%

33. Önnur mál

Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu hjá tryggingarfélagi sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar í allt að átján mánuði af völdum bruna.

34. Sjóðstreymisyfirlit

Veltufé frá rekstri greinist þannig:

	2015	2014
Hagnaður ársins	44.495	36.320
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	14.129	14.472
Virðisrýrnun aflaheimilda	(7.979)	0
Hagnaður af sölu eigna og matsbreyting eignarhluta	(9.929)	(6.743)
Lífrænar eignir, breyting	0	(1.496)
Verðbætur og gengismunur	323	383
Áhrif hlutdeildarféлага	3.757	(2.910)
Tekjuskattur	8.590	7.477
Veltufé frá rekstri	<u>53.386</u>	<u>47.503</u>

ÁRSFJÓRÐUNGSYFIRLIT – ÓENDURSKOÐAÐ


Ársfjórðungayfirlit	4 F	3 F	2 F	1 F	Samtals
	2015	2015	2015	2015	
Seldar vörur	58.901	56.235	57.076	53.298	225.510
Kostnaðarverð seldra vara	(48.683)	(38.039)	(44.630)	(28.514)	(159.866)
Vergur hagnaður	10.218	18.196	12.446	24.784	65.644
Aðrar tekjur	1.316	0	4.956	0	6.272
Útflutningskostnaður	(3.234)	(3.857)	(3.028)	(3.090)	(13.209)
Annar rekstrarkostnaður	(4.009)	(1.856)	(2.983)	(3.642)	(12.490)
Bakfærð virðisrýrnun	7.979	0	0	0	7.979
Rekstrarhagnaður	12.270	12.483	11.391	18.052	54.196
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	3.820	(1.159)	(502)	487	2.646
Áhrif hlutdeildarféлага	(877)	88	(1.907)	(1.061)	(3.757)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	15.213	11.412	8.982	17.478	53.085
Tekjuskattur	(1.881)	(2.272)	(763)	(3.674)	(8.590)
Hagnaður tímabilsins	13.332	9.140	8.219	13.804	44.495
EBITDA	7.335	15.649	9.865	21.390	54.239
	4 F	3 F	2 F	1 F	
	2014	2014	2014	2014	Samtals
Seldar vörur	59.327	68.322	45.316	41.946	214.911
Kostnaðarverð seldra vara	(49.955)	(38.805)	(35.202)	(30.857)	(154.819)
Vergur hagnaður	9.372	29.517	10.114	11.089	60.092
Aðrar tekjur	(7)	45	796	527	1.361
Útflutningskostnaður	(3.270)	(3.979)	(2.499)	(2.889)	(12.637)
Annar rekstrarkostnaður	(5.634)	(2.502)	(1.829)	(2.354)	(12.319)
Rekstrarhagnaður	461	23.081	6.582	6.373	36.497
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	5.269	427	(572)	(734)	4.390
Áhrif hlutdeildarféлага	(745)	1.865	675	1.115	2.910
Hagnaður fyrir tekjuskatt	4.985	25.373	6.685	6.754	43.797
Tekjuskattur	780	(5.386)	(1.754)	(1.117)	(7.477)
Hagnaður tímabilsins	5.765	19.987	4.931	5.637	36.320
EBITDA	4.907	26.376	9.503	9.150	49.936




TÖLULEGT YFIRLIT 2011–2015

Í milljónum evra


REKSTRARTEKJUR




EBITDA




HAGNAÐUR FYRIR TEKJUSKATT




HAGNAÐUR ÁRSINS



VELTUFÉ FRÁ REKSTRI



EIGIÐ FÉ





SKIP HB GRANDA

FRYSTISKIP



ÍSFISSKIP



UPPSJÁVARSKIP



NÝ SKIP Í SMÍÐUM



Þrjár ísfisktogarar

- Félagið hefur gert samkomulag við tyrknesku skipasmíðastöðina Celiktrans Denis Insaat Ltd. um smíði þriggja nýrra ísfisktogara
- Þeir munu leysa af hólmi Sturlaug, Ottó og Ásbjörn
- Nýju togarnir hafa fengið nöfnin Engey, Akurey og Viðey
- Fyrsti togarinn, Engey RE, verður afhentur um mánaðamótin ágúst/september 2016, Akurey AK hálfu ári seinna og Viðey RE í ágúst 2017



ÓROFIN KEDJA
ÚR HAFI TIL
MARKAÐA



www.hbgrandi.is

